



Fundargerð 12. stjórnar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 16. júlí 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Baldvin Hansson (BH), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Páll Jónsson (PJ)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), , Valdemar Johnsen (VJ)

HKS ritaði fundargerð.

1. Motorsport Games 2024

Skoðað verður hvort og hver möguleiki AKÍS er að senda fulltrúa fyrir Íslands hönd á FIA Motorsport Games 2024 sem haldið er á Spáni nú í október. Keppendur hafa sýnt þessari keppni áhuga. Stjórn samþykkir að JPJ, TMP og HKS haldi áfram með verkefnið.

2. Styrktarumsókn

Stjórn samþykkir lokaskýrslu frá Start.

3. Áfrýjun úr KFC torfærunni

Stjórn ræðir úrskurð áfrýjunardómstóls. Erindi barst til stjórnar vegna málsins. JPJ og TMP er falið að svara erindinu.

4. Önnur mál

Aðalfundur BÍKR: Að því er stjórn veit best, hefur ekki verið haldinn aðalfundur BÍKR. Starfsmanni og formanni falið að hafa samband við formann stjórnar BÍKR og ítreka nauðsyn þess að fundurinn verði haldinn.

Framkvæmd ralls: Rætt um framkvæmd ralls á vegna BÍKR sem fór fram 28. júní síðastliðinn, vegna ábendinga um brotalamir við framkvæmd keppinnar.

5. Innsend erindi

- Bílaklúbbur Akureyrar hefur sett keppni á dagatal þann 27 júlí í Götuspyrnu Bikarmót
- AÍH tilkynnir um slit á samstarfi við BA vegna Gokart keppni 15 ágúst.



Til kynningar:

- King of street hefur verið færð til 31 ágúst
- 2 umferð í Kvartmílu færð til 17 ágúst þar sem tvær umferðir verða keyrðar samdægurs.
- Starfsmaður mun starfa frá 18 júlí - 1 ágúst í fjarvinnu.

Næsti fundur verður 6 ágúst kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20:36